

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, mánudaginn 16. janúar 2023, kl. 17:15

Mætt: Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir (SLG), , Sigurður Guðmundsson (SG), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Gunnar Berg Viktorsson (GBV),

Forfallaðir: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (PBS), Erling Ásgeirsson (EÁ).

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

Fundargerð fundar aðalstjórnar þann 21. nóvember 2022 lögð fyrir og samþykkt.

1. Ráðning fjármálastjóra

BS fór yfir ráðningaferlið á fjármálastjóra Umf Stjörnunnar. Umsækjendur voru tæplega 40 og sáu Ingvar H. Ragnarsson fyrir hönd aðalstjórnar og Baldvin Sturluson framkvæmdastjóri um úrvinnslu umsókna og viðtöl. Niðurstaða þessa ferlis var sú að Pálmi Geir Jónsson var ráðinn fjármálastjóri félagsins og mun hann hefja störf 1. mars næstkomandi.

Niðurstaða: Til upplýsinga

2. Rafíþróttanámskeið Stjarnan x Arena

Mikið hefur verið rætt um rafíþróttir innan félagsins síðustu misseri og hefur BS unnið að því í samstarfi við Arena í Kópavogi að finna út úr hvernig hægt væri að bjóða uppá rafíþróttanámskeið fyrir krakka innan félagsins. BS kynnti fyrir aðalstjórn þá vinnu sem hann hefur unnið í samstarfi við Arena og óskaði eftir heimild til að bjóða uppá námskeið í rafíþróttum á tímabilinu 1. mars – 19. maí 2023. Verkefnið er sett upp sem tilraunaverkefni til að byrja með með von um að það gæti undið upp á sig.

Niðurstaða: Stjórn tók vel í hugmyndina og gaf framkvæmdastjóra heimild til þess að fara áfram með verkefnið.

3. Rekstrarsamningur Stjörnunnar og Garðabæjar

BS og SG fóru yfir samningsviðræður við Garðabæ þar sem komið er að endurnýjun rekstrarsamnings Stjörnunnar og Garðabæjar. BS skilaði inn athugasemdum fyrir hönd félagsins við samningsdrögin fyrir fund og er fréttu að vænta fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í febrúar.

Niðurstaða: Til upplýsinga

4. Stefnumótun Stjórnunnar

Ráðgjafara frá Stratagem eru að leggja lokahönd á viðtöl og kannanir meðal félagsmanna og annarra hagaðila félagsins. Gert er ráð fyrir að úrvinnsla þeirra gagna sem aflað hefur verið verði klár í febrúar. Stefnt er að hefja fundi með skipuðum stýrihópi og ráðgjöfum um miðjan febrúar.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:15 – ritað BS